

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýtt ákvæði sem verði 5. málsg. og orðist svo:

Nú lætur sjóðsfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl, þó ekki skemur en 5 ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. málsg.

2. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast ársfjórðungslega þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsg. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka ákvörðun um aðild hans að samstarfssamningi lífeyrissjóða, sem nefndur er í 24. gr. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

3. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1980.

Gjört að Bessastöðum 14. apríl 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lög nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 115/1978 orðist svo:

1. Á árinu 1980 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1980, þó að frádregnum:

- a. bótum skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 með síðari breytingum öðrum en elli- og örorkulífeyri;
- b. 650 000 kr. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum, hjá þeim mönnum sem orðnir eru 67 ára fyrir 1. janúar 1980 eða nutu örorkulífeyris á árinu 1979.
3. Skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 4 500 000 af gjaldstofni, en 2% af því sem umfram er hjá hverjum gjaldanda.
Sjúkratryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna. Gjald, sem ekki nær 4 000 kr., skal felld niður við álagningu.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasam- laga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfalls- legrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979.

Gjört að Bessastöðum 14. apríl 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum
og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt fyrirætlum 4. gr. laga nr. 39 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York, og sendiræðisskrifstofa (aðalræðisskrifstofa) í New York.
2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir:
 - a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
 - b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Pólland og Alþýðulýðveldið Tékkóslóvakía.
 - c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Sam- bandslýðveldið Júgóslavía og Albanía.
 - d. London. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígíría.